

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar
B/t Bryndísar Óskar Jónsdóttur, bæjarritara

Efni: Fyrirspurnir til Ísafjarðarbæjar vegna málefna Holta-, Tungu og Seljalandshverfa.

Stjórn hverfisráðs Holta-, Tungu- og Seljalandshverfis óskar eftir upplýsingum frá Ísafjarðarbæ um eftirfarandi málefni.

1. Framkvæmdafé 2019

Þann 31. maí 2019 sendi stjórn hverfisráðs tillögu að nýtingu framkvæmdafés fyrir árið 2019 til bæjarritara. Óskað var eftir að féð færi í uppbyggingu á hreystisvæði aftan við varnargarðinn í Holtahverfi, með uppsetningu á hreystitækjum til fjölbreyttrar líkamsræktar og þrekæfinga. Sérstaklega var vísað til skipulagsuppdráttar á svæðinu sem gerir ráð fyrir útivistarsvæði með áningarstöðum og afþreyingu. Engin viðbrögð bárust frá Ísafjarðarbæ þrátt fyrir ítrekun þar um af hendi stjórnar ráðsins. Með vísan til fundargerða bæjarráðs 2019 hefur tillagan ekki fengið afgreiðslu ennþá. Óskar hverfisráð hér með eftir skýringum á því. Einnig óskum við eftir að framkvæmdafé ársins 2019 verði nýtt árið 2020.

2. Framkvæmdafé 2017 og 2018

Eftir fund hverfisráðs með bæjarstjóra, bæjarritara og sviðstjóra umhverfis og eignasviðs, 22. maí 2019, var ákveðið að klára lágmarks framkvæmdir og frágang á leikvelli í Tunguhverfi. Embættismenn kynntu að sá kostnaður yrði ekki tekinn af framkvæmdafé 2019. Fram kom að 1,3 milljón þyrfti til að ljúka lágmarksframkvæmd ef miðað væri við kostnaðarmat, dags. 6. mars 2018, og þann kostnað sem hafi farið í verkið á árinu 2018.

Ákvörðun var tekin í kjölfar umræðu að framkvæmdafé 2017 og 2018, áætlað í verkefnið, hafi ekki verið fullnýtt. Vinnsla málsins hafi staðnað þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir um framgang og fundarbeiðnir.

Árið 2015 fór framkvæmdafé hverfisráðs meðal annars í leiktæki fyrir leikvöll í Tunguhverfi. Án samráðs við hverfisráð, voru þau tæki sett upp í öðrum byggðakjarna. Þegar komið var að framkvæmdum í Tunguhverfi voru leiktæki ekki til staðar, né önnur sambærileg leiktæki sem Ísafjarðarbæ ætlaði að hafa tiltæk. Þrátt fyrir ítrekanir bæði munnlega og bréflega er nú í maí 2020 enn aðeins róla og gormatæki á leikvöllinum í Tunguhverfi og hefur ekkert orðið úr þeim framkvæmdum sem samið var um.

Hverfisráð harmar hve seint og illa hefur gengið að koma upp viðunandi aðstöðu í Tunguhverfi. Nú er mikil uppbygging í hverfinu og framundan fjölgun íbúa og þörf fyrir leikvöll því vaxandi. Óskar hverfisráð eftir að leikvöllur Tunguhverfis verði kláraður 2020 í samræmi við samkomulag.

3. Mótvægisáðgerðir vegna framkvæmda við snjóflóðavarnir í Kubba.

Þegar íbúum voru kynntar framkvæmdir við gerð snjóflóðavarnargarðs í Holtahverfi í byrjun þeirra framkvæmda, voru einnig kynntar mótvægisáðgerðir sem áttu að vera hluti af framkvæmdinni. Þar kemur meðal annars fram:

Göngustígar

Megingöngustígur verður lagður um svæðið samkvæmt skipulagi. **Mun hann liggja meðfram Holtabraut að fyrirhuguðum bílastæðum.** Hann heldur svo áfram frá bílastæðunum suður fyrir garðinn og tengist aftur Stórholti við norðvesturenda garðsins. Þar mun hann tengjast gömlum vegslóða sem liggur frá Stórholti, meðfram Úlfsá. Þeim vegslóða verður breytt í megin göngustíg.

Áhersla verður á að vanda frágang á megin göngustíg. Verður hann **malbikaður og upplýstur þar sem það á við** en leitast verður við að hafa göngustíginn aðgengilega og öruggan fyrir gangandi sem hjólandi vegfarendur. Jafnframt mun aðalögngustígurinn tengjast öðrum stigakerfum eða svokölluðum tengistímum samkvæmt skipulagi.

Útivistarsvæði

Svæðið í heild sinni er hugsað sem útivistarsvæði. Meðfram göngustígum verður komið upp **áningarstöðum með upplýsingaskiltum, bekkjum og sorpílátum.**

Til afþreyingar er gert ráð fyrir **leikvöllum líkt og púttvelli, sparkvelli og sleðabrekku** og eru þau svæði afmörkuð á uppdrætti.

Skemmst er frá því að segja að nú að framkvæmdum loknum er því miður langt frá að þessar mótvægisáðgerðir hafi orðið að veruleika. Enginn stígur er meðfram Holtabraut, engin lýsing er á göngustígum sem gerðir voru og hvergi var gerður púttvöllur eða sparkvöllur. Stjórn hverfisráðs harmar þessa niðurstöðu og óskar eftir að gerð verði bragabót hér á og að sett verði innspýting í framkvæmdir hér inn í firði. Horfum við til sérstaklega til svæðisins við varnargarðinn þar sem mótvægisáðgerðir gerðu ráð fyrir útivistaraðstöðu. Þar sjá íbúar fyrir sér að hægt væri að koma upp skemmtilegri aðstöðu fyrir íbúa á öllum aldri. Nú þegar hefur verið óskað eftir að þar komi hreystitæki en einnig hafa komið fram hugmyndir um hundagerði, frísbíggvöll, púttvöll, ærslabelg og grillaðstöðu. Til að það gangi upp teljum við að huga þurfi einnig að öðrum atriðum eins og klósettaðstöðu, aðkomu að svæðinu og bílastæðum. Óskum við nú eftir viðræðum og samstarfi við Ísafjarðarbæ um skipulag svæðisins og að gerð verði framkvæmdaáætlun um uppbyggingu svæðisins.

Reynslan sýnir að núverandi fyrirkomulag á ráðstöfun framkvæmdafés er óskilvirkt og handahófskennt. Gera þarf breytingar til að auka skilvirkni og tryggja að framkvæmdafé sé nýtt íbúum til hagsbóta. Er stjórn hverfisráðs Holta-, Tungu- og Seljalandshverfis tilbúin til að koma að hugmyndavinnu um hvernig breyta má verkferlum og fyrirkomulagi þannig að ferlið verði skilvirkt og sem hagkvæmast fyrir bæði íbúa og sveitarfélag.

Ísafirði 31.maí 2020

Hverfisráð Holta-, Tungu- og Seljalandshverfis